

Hvað gerist ef skrópkrafa er ekki greidd á eindaga

Síðast uppfært 26/06/2026 2:56 pm BST

Inkasso sér um stofnun og innheimtu þeirra krafna sem gerðar eru í gegnum skrópvörn Noona HQ.

Ef krafa fæst ekki greidd á eindaga hefst innheimtuferli hjá Inkasso þar sem greiðandi fær sendar áskoranir um greiðslu kröfunnar og málinu fylgt eftir af tillitsömu en ákveðnu kerfi. Ef slíkar áskoranir bera ekki árangur er síðasta úrræðið löginnheimta en þar eru lagaleg úrræði nýtt til þess að fá kröfuna greidda.

Í innheimtakerfi Inkasso, sem þú færð aðgang að þegar þú skráir þig í skrópvörn Noona HQ, hefur þú yfirsýn yfir allar þínar kröfur og innheimtu þeirra. Þar getur þú sömuleiðis stjórnað því hvernig innheimtu krafna er háttað.

Gangi þér vel og ekki hika við að heyra í okkur ef að eitthverjar spurningar vakna ?
